Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka: Saga verslunar og utanríkisviðskipta. Fornleifarannsókn árið 2021 - 2. áfangi

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS870-17252

Reykjavík 2022

Fornleifastofnun Íslands

Forsíðumyndin er tekin með dróna yfir uppgraftarsvæðið, önnur eldri mynd frá Loftmyndum ehf er þar undir. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir gerði kortið.

© Fornleifastofnun Íslands 2022

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fornleif@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer
MÍ201706-0054

Þjóðminjasafnsnúmer
2021-58

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna
Fornleif número 274. Margrét Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka.*
Uppgraftarskýrslur: Ágústa Edwald, 2017; Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2021.

Stutt lýsing rannsóknar
Fornleifarannsókn á svonefndum Vesturbúðarhól á Eyrarbakka tekur til stærstu þyrpingar verslunarhúsa sem byggð var á Íslandi á einokunartímanum með síðari tíma viðbótum. Verslunarhúsin voru rifin árið 1950 og allir viðir úr þeim fluttir burt. Eftir eru því aðeins sjálfir grunnar húsanna. Fornleifarannókn á svæðinu er forsenda fyrir hugmyndum um uppbyggingu dönsku verslunarhúsanna eins og þau litu út um 1920 þegar þau hættu að sinna hlutverki sínu sem stærsta og helsta verslun Sunnlendinga og um leið að auka við þekkingu um sögu verslunar á Eyrarbakka sem og landinu öllu.

Tegund rannsóknar
Vísindarannsókn

Staðsetning
Vesturbúðarhóll við Búðarstíg á Eyrarbakka, sveitarfélaginu Árborg.

GPS hnit
ISN93: A 393867 N 375262

Rannsóknartími
23.08.2021 til 15.09.2021.

Leyfishafi
Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fjöldi starfsmanna

Sjö starfsmenn; allt fornleifafræðingar.

Staðsetningarkort



Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins er sýnd með rauðum punkti.

Útdráttur

Vesturbúðarhóll er um 110x45m að stærð og þar stóðu verslunarhús Eyrarbakkaverslunar frá fyrri hluta 18. aldar og fram til ársins 1950. Fornleifarannsóknir á Vesturbúðarhól hófust árið 2021 en áður höfðu minni rannsóknir farið þar fram árin 2017 og 2019. Byrjað var að grafa upp grunninn á vestasta húsinu á svæðinu, Fönix. Á næstu árum er ætlunin að fullgrafa verslunarhúsin á Vesturbúðarhól en það er forsenda áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu.

Fyrstu niðurstöður uppgraftarins benda til að undirstöður hússins séu frá fyrri hluta 18. aldar. Flest mannvistarlögin tengjast annars vegar byggingu hússins, þ.e. hlaðnir útveggir og niðurgröftur við gerð þeirra, grjótpúkk undir gólfi og hins vegar niðurrifi þess, járnarusl, rúðugler og gripir frá miðri 20. öld eru þar á yfirborði.
Alls fundust 3331 gripir sem voru skráðir undir 357 fundanúmerum. Flestir koma þeir úr yfirborðslögum en í neðri jarðlögunum einskorðast þeir að mestu við 18. - 19. öld.

Lykilorð: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, verslunarsaga, 18. öld

Abstract

Vesturbúðarhóll is in the village Eyrarbakki, south Iceland. It is the location of the main trading site for Southern Iceland from the early 17th century until 1950, when the buildings were torn down. The aim of the fieldwork was to excavate the foundations of one of the buildings that belonged to the trading site, known as Fönix. Preliminary results indicate that the building dates to the first half of the 17th century, most of the deposits are associated with the building's demolition on one hand, and its construction on the other.

In total 3331 artifacts were recovered, most from the latest deposits. The artifacts date the archaeology from the 18th to the 20th century.

Keywords: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, trade history, commerce, 18th century

Efnisyfirlit

1. Inngangur 9

Samfélagið 10

2. Rannsóknin 11

Aðferðafræði 12

Jarðvegssýni 12

Uppgröftur 14

Undirstöður veggja [533] 15

Yfirborðslag og fyllingar í [001, 500, 501, 510 og 522] 16

Grjótlög [504, 507, 513 ,514, 516 og 517] 17

Könnunarskurður [532] 18

Gripir 19

Málmur 20

Steinar 20

Leir 20

Gler 21

Bein 22

Viður 22

Byggingarefni 22

3. Niðurstöður 23

Heimildir 24

Viðauki I: Einingaskrá 26

Viðauki II: Fundaskrá 27

Viðauki II: Ljósmyndaskrá 42

Viðauki IV: Jarðlagaflæðirit 46

Mynd 2. Horft yfir Vesturbúðarhóll til suðausturs. Búið er að opna vestasta húsið á hólnum.

1. Inngangur

Vesturbúðarhóll er hluti af merkilegri þyrpingu minjastaða á Eyrarbakka sem bera sögu þorpsins sem aðalverslunarstaðar Suðurlands í hátt tvær aldir vitni.[1] Hóllinn er um 110x45 m að stærð og þar stóðu verslunarhús Eyrarbakkaverslunar frá fyrri hluta 18. aldar og fram til ársins 1950.[2] Vesturbúðin á Eyrarbakka tekur til stærstu þyrpingar verslunarhúsa sem byggð voru á Íslandi á einokunartímanum með síðari tíma viðbótum. Til þeirrar verslunar voru 20% Íslendinga bundnir að sækja verslun.[3] Á hólnum má sjá óljós ummerki bygginga á nokkrum stöðum og víða glittir í grjót uppúr grassverði.

Verslunarhúsin voru rifin árið 1950 og allir viðir úr þeim fluttir burt. Eftir standa því aðeins sjálfir grunnar húsanna undir sverði. Fornleifarannókn á svæðinu er forsenda frekari hugmynda Vesturbúðarfélgsins um uppbyggingu dönsku verslunarhúsanna eins og þau litu út um 1920 þegar þau hættu að sinna hlutverki sínu sem stærsta og helsta verslun Sunnlendinga og um leið að auka við þekkingu um sögu verslunar á Eyrarbakka. Ekki hafa áður verið grafin upp í heild sinni á Íslandi verslunarhús frá tímabilinu 1600–1900. Á þremur stöðum hefur þó verið grafið í hluta verslunarhúsa frá einokunartímanum og reynt að skoða þennan merka tíma með augum fornleifafræðinnar.[4] Eldri rannsóknir á verslunarstöðum eins og á Gásum, Gautavík, Kolkuósi og Maríuhöfn[5] hafa verið bundnar við fyrri aldir. Þetta er því einstakt tækifæri til að byggja upp nýja sögulega þekkingu á grundvelli fornleifarannsókna.

Fornleifarannsóknir á Vesturbúðarhól hófust af fullum krafti haustið 2021. Áður höfðu minni rannsóknir farið fram á hólnum árin 2017 og 2019[6] og staðfest að enn væru umtalsverðar minjar undir sverði. Uppgröfturinn er fjármagnaður af Vesturbúðarfélaginu og hlaut rannsóknin styrk úr Fornminjasjóði 2021, auk þess sem sveitarfélagið Árborg kom með mótframlag. Starfsmenn við uppgröftinn voru fornleifafræðingarnir Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Magnea Dís Birgisdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Stefán Ólafsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir og Ágústa Edwald. Um úrvinnslu sáu Lilja Laufey og Ragnheiður sem einnig sá um umsjón og ritun skýrslu.

---

1 Ágústa Edwald 2019: 85; Vigfús Guðmundsson 1945: 281; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir 2015: 13; Guðmundur Þórarinsson 1997: 20-21.

2 Lilja Árnadóttir 1989: 14.

3 Jón J. Aðils 1919: 264.

4 Lucas, Gavin ofl. 2021: 194; Martin, Kevin 2021; Jakob Orri Jónsson 2021; Lilja B. Pálsdóttir og Hulda Björk Guðmundsdóttir 2019.

5 Sjá t.d. Lilja Björk Pálsdóttir og Howell Roberts 2007; Capelle, Thorsten 1982; Magnús Þorkelsson 1984; Ragnheiður Traustadóttir 2018.

6 Ágústa Edwald 2017; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Björk Pálsdóttir, 2021

Samfélagið

Stefnt er að því að gera rannsóknina að samfélagslegu verkefni og hófust fyrstu skrefin í þá átt 2021. Þátttaka heimamanna fólst m.a. í opnun uppgraftarsvæðisins og hjálp við frágang svæðisins að rannsókn lokinni. Þeim sem hjálpuðu til eru færðar sérstakar þakkir, framlag þeirra er ómetanlegt.

Sérstök síða rannsóknarinnar var stofnuð á Facebook, Vesturbúðin. Með henni var opnað fyrir samtal við almenning og meðlimir Vesturbúðarfélagsins hafa sett þar inn efni sem og þeir sem að rannsókninni komu. Á síðunni er ætlunin að fólk geti m.a. komið á framfæri ljósmyndaefni tengdu Vesturbúðinni og öðru heimildaefni, bæði úr eigin fórum en einnig miðlað skriflegum gögnum af skjalasöfnum innanlands og utan. Eins væri áhugavert að opna á munnlegar heimildir og safna frásögnum af húsunum líkt og fólk man eftir þeim

Héraðsnefnd Árnesinga samþykkti enn fremur að Byggðasafn Árnesinga myndi styrkja við rannsóknina í formi vinnuaðstöðu meðan á vettvangsvinnu stendur næstu ár. Þetta samstarf er mikilvægur hluti af þátttöku almennings og er starfsfólki safnsins færðar kærar þakkir. Stefnt er að enn frekara samstarfs milli Byggðasafnsins m.a. í safnafræðslu og heimsóknum skólabarna.

2. Rannsóknin

Fornleifarannsóknir á Vesturbúðarhól hófust þann 23. ágúst 2021 og var lokið 15. september. Uppgraftarsvæðið var 23 x 12,5 m að stærð, alls um 240 fm^2. Alls voru 3-5 fornleifafræðingar við störf hverju sinni meðan á rannsókninni stóð.

Ákveðið var að fullgrafa vestasta hús Vesturbúðarinnar en niðurstöður rannsóknar árið 2019 sem og jarðsjármælingar sem gerðar voru árið 2017[7] gáfu til kynna að enn væru töluverðar minjar þar undir sverði. Húsið kallaðist Fönix og var vörugeymsluhús. Samkvæmt lýsingu á notkun hússins undir lok 19. aldar voru kornvörur geymdar á efri hæðinni en niðri var tekið á móti hrognum, lýsi og fleiru sem var verslað með.[8]



Mynd 3. Niðurstöður jarðsjármælinga sýna grjótundirstöður Vesturbúðarinnar. Grjótið sést með rauðum og svörtum lit. Hvíta svæðið er hluti af veg sem var lagður eftir að húsin voru rifin. Kortið er gert af Mark Graham og Ragnheiði Gló Gylfadóttur.

7 Graham, Mark 2017; Ágústa Edwald 2017.

8 Úttektir á húsum á Eyrarbakka frá 1742 og 1774. Ljósrit í eigu höfundar fengið frá Byggðasafni Árnesinga: Jón Pálsson 1946: 40; Vigfús Guðmundsson 1949: 186-187.

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.[9] Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver einingar er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á Vesturbúðarhól. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer einingar og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn. (Harrismatrixcomposer.com)



Mynd 4. Single context og Harris Matrix (https://www.semanticscholar.org/paper/The-Temporal-Dimension-in-a-4D-Archaeological-Data-Roo-Weghe/de4d0da90c6dce4d502f43b1e6b162f4d105432a/figure/2)

Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd einingarnúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

Engin jarðvegssýni voru tekin þar sem ekki var komið niður á mannvistarlög

9 Lucas, Gavin 2003.



Mynd 5. Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæðinu með einingum. Allar mannvistarleifar sem voru grafnar fram árið 2021 sjást á kotinu,

sem gætu gefið frekari upplýsingar með sýnatöku.

Uppgröftur

Uppgraftarsvæðið er staðsett suðaustan við Búðarstíg 19 á Eyrarbakka, 30 m norðan við sjávarsíðuna. Opnað var tæplega 240 fm² stórt svæði, alls um 23x12,5 m og tók það mið af stærð Fönix, hússins sem grafa átti upp árið 2021, sjá myndir 5 og 6. Ætlunin

Mynd 6. Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæðinu tekin undir lok rannsóknarinnar. Veggir [533] og hleðsla [405] sjást vel á myndinni.

var að fullgrafa húsið í ár en ekki náðist að gera það sökum mikils umfangs. Af sömu ástæðu var ekki hafist handa við að opna viðbyggingu norðan við húsið, kolageymslu, og verður hún grafin upp sumarið 2022.

Í norðvesturhorni hússins fannst ruslalag við rannsóknir árið 2019, m.a. með móösku og viðarkolaleifum. Einnig eru vísbendingar um niðurgrafið geymsluherbergi þar. Þetta verður skoðað betur árið 2022 en ekki náðist að fullgrafa þennan hluta.

Undirstöður veggja [533]

Allir steinar sem komu í ljós og tilheyra undirstöðum [533], eða grunni, hússins voru mældir upp og hverri hlið gefið eininganúmer til hagræðingar. Ekki var lokið við að grafa niður fyrir veggina og ekki ljóst hvort um fleiri en eitt byggingarstig er að ræða enn sem komið er. Undirstöður, eða veggir, hússins eru þó allar keimlíkar á að líta. Þær eru grjóthlaðnar og það má sjá allt að fjögur umför af hraungrýti af mismunandi stærðum (40-50 cm) að innanverðu en lítið var grafið meðfram veggjum að utanverðu utan heinsun yfirborðslaga. Grjótið er ekki tilhoggið né límt saman. Rannsóknum á veggjum og svæðum utan hússins verður haldið áfram árið 2022.

Vestan við húsið að utanverðu er einföld grjóthleðsla [405], grafin 2019, sem er hlaðin beint ofan á því yfirborði sem hefur verið fyrir utan húsið þegar það var í notkun.[10] Ekki var grafið niður fyrir þetta jarðlag/hleðslu sem nær meðfram allri vesturlanghlið hússins, sjá mynd 7. Útveggur [528] er fast austan við grjóthleðsluna og sést niðurgröftur á milli þeirra. Grafið var fyrir undirstöðunum og grjótið lagt í austurhluta skurðsins í sendna fyllingu [408 árið 2019]. Einungis var farið niður á yfirborð fyllingarinnar árið 2021.

Mynd 7. Veggur [528] sést til vinstri og hleðsla [405] til hægri. Hleðslan var fjarlægð árið 2019 og horft er til suðurs yfir það svæði. Myndin er tekin eftir að svæðið var stækkað 2021.

Yfirborðslög voru hreinsuð af öðrum veggjum hússins [529, 530 og 531] en ekki grafið niður fyrir þá. Ekki var að sjá niðurgröft veggjanna til norðurs og suðurs en meðfram austurlanghlið sést niðurgröftur [527] meðfram norðurhluta veggjar [529], sjá mynd 8. Svo virðist sem grjótið hafi verið lagt í austurhluta skurðsins, niðurgröfturinn er því innan hússins.

10 Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður G. Gylfadóttir 2021: 15.

Mynd 8. Niðurgröftur [527] sést innan hússins, meðfram vegg [529].

Mynd 9. Veggir [528] og [530], horft til suðurs. Hleðslan í veggjunum er gerð úr óunnu hraungrýti og mikill sandur er á milli steinanna.

Yfirborðslag og fyllingar í [001, 500, 501, 510 og 522]

Byrjað var á því að opna svæðið með vélgröfu. Jarðlögin á svæðinu eru nánast öll mismunandi sandlög, ýmist hreinn sandur með gripum eða blandaðri jarðlög. Mikið af hruni og hreyfðum jarðlögum voru ofan á veggjum og innan hússins sem voru öll fjarlægð með handafli. Yfirborðslag [001] lá yfir öllu svæðinu og veggir [533] hússins komu fljótlega í ljós þegar jarðlagið var fjarlægt, sjá mynd 10. Fjöldi gripa fundust í yfirborðslaginu allt frá plasti til varahluta í bíl, mest voru þetta gripir frá 20. öld. Undir yfirborðslagi voru nokkur sand og grjótlög ([500], [501], [510] og [522]) sem virðast verða hrun, fylling og áfok, sjá mynd 11. Þessi jarðlög bera vitni um mikið sandfok sem átti sér stað við Eyrarbakka og við strandlengjuna suðvestanlands. Í þessum lögum var mikið af fremur smáu hraungrýti og það líklega tilkomið eftir að húsið var rifið. Grunnur hússins hefur verið fylltur með grjóti, og síðan hefur sandur fokið yfir grjótfyllinguna.

Mynd 10. Eftir að grasrót var fjarlægð kom í ljós sendið yfirborðslag [001].

Mynd 11. Sandlag [500] tengist niðurrifi hússins og er að mestu sendið hrun.

Grjótlög [504, 507, 513 ,514, 516 og 517]

Eftir að hrunið var fjarlægt komu í ljós nokkuð þéttar steinadreifar á nokkrum stöðum sem eru mögulega eru undirstöður horfinna veggja eða fyllingar sem tengjast niðurrifi hússins. Þetta eru jarðlög [507], [504], [513] og [514] og voru þau öll grafin burtu.

Grjótlag [507] er L-laga, lá frá vesturvegg [528] niður að suðurvegg [530], sjá mynd 12. Á milli þess og suðurveggjar er um 1 m langt op. Ekki er vitað hvaða tilgangi þetta op þjónaði, mögulega voru dyr á húsinu á þessu svæði. Eining [504] var einnig einhvers konar steinadreif sem lá frá suðurenda [507] að austurvegg [529] hússins. Nyrst í húsinu er grjóthleðsla [513] og grjótlag [514] sem líklega mynda einnig einhvers konar undirstöður horfinna veggja, sjá mynd 13. Grjóthleðslan er fremur lítilfjörleg, tvöföld röð af steinum og einungis eitt umfar sem lá ofan á grjótdreif [514].

Mynd 12. Grjót [507] er L-laga og er mögulega undirstaða milliveggja innan hússins.

Mynd 13. Grjóthleðsla [513] sést til vinstri. Grjótlag [514] er hægra megin á myndinni.

Grjót [514] er í norðurenda hússins og liggur út frá vesturlangvegg [528] til austurs. Það nær ekki alveg að austurlangvegg [530] heldur er um 1 m langt bil á milli sem gætu mögulega verið dyr. Tvö önnur steinalög eru á svæðinu [516] og [517] en þau eru bæði fremur ólöguleg og minni í sniðum, sjá myndir 14 og 15. Mögulega

Mynd 14. Grjótlag [516].



Mynd 15. Grjót [517].

eru þau leifar af einhvers konar uppskiptingu á rýmum en gætu þó einnig verið hrun. Á þessu stigi er ekki hægt að segja til um hvort að þessu jarðlög séu samtíða.

Könnunarskurður [532]

Könnunarskurður [532] var tekin þvert yfir húsið að innan til að meta umfang jarðlaga undir sverði, sjá myndir 16 og 17. Hann var 7,6 m að lengd og 1,5 m á dýpt en ekki var grafið í gegnum veggi. Undir húsinu er hreyfður sandur en um 40 cm eru eftir niður fyrir veggi. Bein og kol í sandinum sem styðja þá kenningu að staðurinn hafi verið nýttur um aldir líkt og nálægð við bæinn Skúmsstaði bendir til.[11]

Mynd 16. Könnunarskurður [532], horft til austurs.



Mynd 17. Teikning af könnunarskurði [532].

11 Ágústa Edwald 2017: 3.

Gripir sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einiganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.[12]

Alls var skráður 3331 fundur undir 357 fundanúmerum, bæði gripir og dýrabein. Fyrirhugað er að grisja safnið og t.d. farga flestum múrsteinum, gleri og byggingarefni,[13] og verður lokaúrvinnsla á gripasafninu unnin þegar því verki er lokið. Öll þau jarðlög sem voru grafin upp árið 2021 tengjast niðurrifi hússins en ekki nýtingu þess, og endurspeglar gripasafnið það, og er líkt þeim sem fundust árin 2017 og 2019.[14] Almennt má þó segja að gripasafnið sé frá 18. öld fram til okkar daga. Ákveðið var að vinna aðeins grunnskráningu uns frekara fjármagn til úrvinnslu liggur fyrir. Gripasafnið er líkt því sem fannst árið 2017 og 2019.[15]

Varðveisla gripa er mismunandi. Varðveisla á lífrænum efnum er slæm, dýrabein eru flest illa varðveitt sem og viður. Ágæt varðveisla er á gleri og leir en málmar eru fremur tærðir og ryðgaðir. Lífrænar leifar, utan dýrabeina, eru fáar sem bendir til slæmrar varðveislu.



Mynd 18. Alls voru skráðir 3331 fundur undir 357 fundanúmerum, bæði gripir og dýrabein. Gler, leirker og málmar eru stærsti hluti safnsins.

12 Lucas, Gavin 2003.
13 Eftir grisjun verða þeir gripir sem ekki á að varðveita afhentir Byggðasafni Árnesinga, en vilji er fyrir því að nýta þá við safnakennslu.
14 Ágústa Edwald, 2017; Lilja Björk Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2021.
15 Ágústa Edwald 2017; Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021.

Málmur

Í fundasafninu eru 72 fundanúmer úr málmi, alls 1014 gripir. Málmur fannst í nær öllum jarðlögum og dreifingin er nokkuð jöfn yfir allt uppgraftarsvæðið. Þetta eru gripir úr járni, blýi og koparblöndu að mestu. Stærsti hlutinn eru naglar og einhvers konar pinnar. Einnig eru þetta gripir úr bílum, keðjur, kaplar og alls kyns festingar. Fjórir peningar úr koparblöndu fundust auk klæðafestingar. Ekki er hægt að greina hvaða peningar þetta eru.

Steinar

Alls eru 22 fundanúmer, með alls 56 gripum úr steini, skráð árið 2021. Stór hluti þeirra eru óunnin, eða ónotuð, brýni úr innfluttu (líklega norsku) flögubergi. Brýnin fundust öll í jarðlögum í suðausturhorni hússins, gjarnan mörg saman í hrúgu. Flögubergið er óunnið að mestu og líklega flutt til landsins sem hráefni. Flögubergið var að öllumm líkindum selt svona til bænda á Suðurlandi, í tilhöggnum blokkum.

Auk flögubergsins fundust m.a. nokkur brot af tinnu auk netasteins, merktum „SS“, að öllum líkindum upphafsstafir sjómannsins sem átti steininn.

Mynd 19. Hluti af flöguberginu sem fannst. Svona fóru brýnin líklega til bænda sem versluðu á Eyrarbakka.

Mynd 20. Netasteinn merktur SS.

Leir

Alls fundust 735 brot úr leir sem eru skráð undir 91 fundanúmerum. Þetta eru m.a. keramík, krítarpípur, postulín og músteinar. Notkun sumra þessara gripa spannar allt

notkunarskeið Vesturbúðarinnar (18. – 20. öld) meðan aðrir koma á sjónarsviðið á 20. öld. Leirinn finnst í flestum jarðlögunum sem grafinn voru upp og gefa til kynna rask og blöndun jarðlaga innan hússins.

Alls voru skráð 31 fundanúmer með 200 brotum af krítarpípum. Flest eru þau hluti af leggjum og án allra einkenna. Hluti þeirra er þó skreyttur og við fyrstu yfirferð m.a. má greina pípur eftir Severin Ferslew sem framleiddar voru í Kaupmannahöfn. Hann gerði pípur á árunum 1758-1764.[16] Einnig fannst hluti af pípu með snáksmerki en það var notað Gouda í Hollandi á árunum 1667-1808.[17] Hér er komin áhugaverður efniviður til greininga á aldri og verslunartengslum Vesturbúðarinnar.

Mynd 21. Hluti af krítarpípunum sem fundust 2021, til hægri má m.a. sjá tvær pípur eftir Severin Ferslew.

Ílát voru skráð undir 26 fundanúmerum, alls 327 brot. Þetta eru að stórum hluta rauðleir og skreyting sést á einhverjum þeirra. Einnig fundust brot af hvítum jarðleir en flest þeirra eru skreytt. Líkt og með krítarpípurnar verða leirkerin áhugavert rannsóknarefni þegar stærri hluti hússins hefur verið grafinn upp.

Alls fundust 392 músteinsbrot sem voru skráð 22 fundanúmerum. Sumir múrsteinarnir eru heilir en yfirleitt er um brot að ræða. Múrsteinarnir rauðir og gulir á lit en hafa ekki verið greindir nánar.

Gler

Gler fannst víða í jarðlögum innan uppgraftarsvæðis, alls voru skráð 58 fundanúmer með 689 brotum. Stór hluti þessa fjölda er rúðugler, alls 478 brot. Hin brotin voru flokkuð sem ílát en þetta eru t.d. flöskur, lyfjaglös og krukkur.

Glerið hefur ekki verið greint nánar, en stór hluti af þessu safni er frá 20. öld að öllum líkindum.

16 Mehler, Natascha. 2004, bls. 139-140.
17 https://www.claypipes.nl/merken/personen/slang/; Duco. 1987, 77.

Bein

Alls voru 582 dýrabein skráð undir 36 fundanúmerum árið 2021. Þetta eru dýra-, fiski- og fuglabein. Beinin fundust í flestum jarðlögum uppgraftarins. Dýrabeinin hafa ekki verið greind til tegunda en stór hluti er líklega matarleifar eða komin úr sláturhúsi sem var starfrækt vestan við Fönix um tíma.

Mynd 22. Ef myndin prentast vel sést vel hvernig beinan hafa verið höggvin í búta. Á þeim eru einnig rispur, líklega eftir einhvers konar sög.

Flest beinin eru illa varðveitt og lítið um heilleg bein. Við suðausturhorn hússins fundust á yfirborði [001] alls 33 hvalbein sem hafa verið unnin og höggin í kubba. Ekki er vitað í hvaða tilgangi þetta var gert, en þau hafa líklega verið sett þarna eftir að húsin voru rifin.

Viður

Alls voru skráð 19 fundanúmer með 71 viðargrip sumarið 2021. Megnið af viðnum er illa varðveittur og erfitt að átta sig á hlutverki gripanna. Vitað er að hús Vesturbúðarinnar voru klædd viði og nokkur viðarborð úr klæðningunni fundust árið 2021. Eitt þeirra viðarbrota sem fannst sumarið 2021 er líklega úr þakkanti og er skreytt með einföldum útskurði.

Byggingarefni

Hluta af þeim gripum sem fundust árið 2021 er hægt að flokka sem byggingarefni. Alls eru þetta 14 fundanúmer með 40 fundum. Þetta eru mest steypubrot en einnig þakpappi, kalk og kítti. Hægt er að setja fleiri gripaflokka hér undir þegar safnið hefur verið skoðað betur og greint. Rúðugler, við, músteina auk nagla mætti auðveldlega setja hér með svo eitthvað sé nefnt.

3. Niðurstöður

Rannsóknarsvæðið sumarið 2021 var 23 x 12,5 m að stærð, alls um 240 fm2. Það einskorðast við vestasta húsið á svæðinu, sem kallaðist Fönix. Líkt og rannsóknir ársins 2019 sýndu fram á hefur grunnur hússins verið fylltur af sandi og grjóti eftir að það var rifið. Flest jarðlögin voru hreyfð og samanstóðu af blönduðum sandlögum og grjóti. Fyrstu niðurstöður uppgraftarins benda til að undirstöður hússins séu frá 18. öld sé horft til þeirra gripa sem hafa fundist. Flest mannvistarlögin tengjast annars vegar byggingu hússins, þ.e. hlaðnir útveggir og niðurgröftur við gerð þeirra, grjótlög undir gólfi og hins vegar niðurrifi þess, járnarusl, rúðugler og gripir frá miðri 20. öld eru þar á yfirborði. Einungis var grafið niður á veggi hússins og ekki er ljóst hvort að um fleiri byggingarstig er að ræða enn sem komið er.

Innan hússins var mikið um grjóthrúgur frá niðurrifi hússins. Undir þessum lögum kom í ljós ruslalag í norðvesturhorni hússins við rannsóknir árið 2019, m.a. með móösku og viðarkolaleifum. Ekki var grafið í gegnum þessi lög og bíða þau betri tíma. Einnig voru vísbendingar um niðurgrafið geymsluherbergi þar. Þetta verður skoðað betur verði framhald á rannsókninni en ekki náðist að fullgrafa þennan hluta.

Alls fundust 3331 gripir sem voru skráðir undir 357 fundanúmerum. Flestir koma þeir úr yfirborðslögum en í neðstu jarðlögunum einskorðast þeir að mestu við 18. - 19. öld. Þó að aðeins hafi verið unnin grunngreining á gripasafninu, þá hefur strax komið í ljós að gripasafnið sem fundist hefur í Vesturbúðinni bíður upp á mikla rannsóknarmöguleika. T.d. væri hægt kortleggja tengsl Vesturbúðarinnar bæði innanlands og utan. Gripir frá tímum einokunarverslunarinnar og á Vesturbúðarhól geta sýnt okkur hvert fólk fór, við hverja var verslað og hvað flutt inn til landsins. Eins er hægt að tengja uppgröftinn á Vesturbúðarhól við aðrar rannsóknir frá sama tíma líkt og rannsóknir á Snæfellsnesi og Skálholti.[18] Í fornleifauppgreftri í Skálholti fannst t.d. brot úr rauðleir, framleiddu í Coppengrave í Þýskalandi, sem var örugglega komið úr Vesturbúðinni.[19] Krítarpípurnar sem fundust árið 2021 eru m.a. frá Danmörku og Hollandi auk þess sem brýnin koma líklega frá Noregi. Leirkersbrotið frá Skálholti, krítarpípurnar og brýnin sýna því fram á að danskir einokunarkaupmenn á Eyrarbakka versluðu m.a. við Þjóðverja, Hollendinga og Norðmenn og einnig hvaða möguleikar rannsóknir á efnismenningu þessa tíma fela í sér.

18 Martin, Kevin 2021, Jakob Orri Jónsson 2021; Lucas, Gavin og Mjöll Snæsdóttir 2022.
19 Lucas, Gavin og fl. 2021: 196-197, 202

Heimildir

Ágústa Edwald. 2017. *Vesturbúðaholl á Eyrarbakka. Jarðsjármælingar og könnunaruppgröftur.* Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ágústa Edwald. 2019. „Könnunarrannsókn á Vesturbúðahól á Eyrarbakka." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 2019, bls. 85-106.

Capelle, Thorsten. 1982. *Untersuchungen auf dem mittelalterlichen Handelsplatz Gautavík, Island.* Köln: Rheinland Verlag.

Claypipes.nl. Skoðað 12.12.2022. Slóðin er: https://www.claypipes.nl/merken/personen/slang/

Duco, Don. 1987. *De Nederlandse Kleipijp. Handboek for dateren en determineren.* Leiden, Groen.

Graham, Mark. 2017. *Report on Geophysical Survey. Vesturbúðarhóll, Eyrarbakki, Iceland. Coordinates (ISN93) A393867-N375262.* Grampus Heritage and Training Ltd. Bretland.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbakkahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Eyrarbakki: Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Jakob Orri Jónsson. 2022. *Pots, Pipes and Plates : An Archaeology of Consumption in 17th and 18th Century Iceland.* Phd ritgerð við Háskóla Íslands. https://hdl.handle.net/20.500.11815/2847

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. Árnessýsla. 1981. Reykjavík: Sögufélag.

Jón J. Aðils. 1919. *Einokunarverslun Dana á Íslandi 1606-1787.* Reykjavík, Verslunarráð Íslands.

Jón Pálsson. 1946. *Austantórur II.* Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Lilja B. Pálsdóttir og Howell Roberts. 2007. *Excavations at Gásir 2006: An interim report/framvinduskýrsla. FS355-010710*. Reykjavík: Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands.

Lilja B. Pálsdóttir og Hulda Björk Guðmundsdóttir. *Hafnarstræti 18 í Reykjavík. Framkvæmdarannsókn.* FS743-18491. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021. *Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka: Undirbúningsrannsókn árið 2019.* FS816-17251. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, Gavin, Jakob Orri Jónsson & Kevin Martin. 2021. „Pots for socks. Commodity itineraries in the North Atlantic during the 17th and 18th centuries.“ *Post-Medieval Archaeology*, 55:2, 194-210, DOI: 10.1080/00794236.2021.1966244

Lucas, Gavin og Mjöll Snæsdóttir. 2022. *Skálholt. Excavations of a bishop's residence and school c. 1650-1790. Vol I: The site.* Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Magnús Þorkelsson. 1984. „Búðasandur – Maríuhöfn?: Gömul höfn í Laxárvogi.“ *Útivist 10*: *ársrit Útivistar*, bls. 103-116.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. 2015. *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka.* NV nr. 6-16. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Martin, Kevin. 2021. *Uncovering the Archaeology of the Danish Trade Monopoly in Iceland (1602-1787): Merchant Ships and Trade Ports*. Phd ritgerð við Háskóla Íslands. https://hdl.handle.net/20.500.11815/2967

Ragnheiður Traustadóttir. 2018. „Kolkuós in the north of Iceland: a harbor site and trading place in the Viking age to the medieval period.“ *Gruel, bread, ale and fish: changes in the material culture related to food production on the North Atlantic 800-1300 AD. Kaupmannahöfn: Nationalmuseet.*, bls. 119-135.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka. I*. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka. II*. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Þorvaldur Thoroddsen. 1919. *Lýsing Íslands I.* Reykjavík: Sjóður Þorvaldar Thoroddsen.

Viðauki I: Einingaskrá

Unit	Area	Type	Description
1	C	D	Yfirborð
500	C	D	Hreinsun/hrun
501	C	D	Hreinsun/hrun
502	C	D	Þétt lag undir hruni í suður enda
503	C	D	Hrun í suðvestur herbergi
504	C	D	Steinadreif + sandur
505	C	D	Utan við austur langhlið
506	C	D	Torfblandaður jarðvegur
507	C	D	Steinadreif, L-laga líkt 504
508	C	D	Viðarleifar
509	C	D	Blandaður sandur undir 500 og 508
510	C	D	Hrun syðst og vestast utan húss
511	C	D	Hornsteinar? Hreyfðir/viðgerð?
512	C	D	Grjóthrun/sléttun við suðurgafl
513	C	D	Möguleg hleðsla, nokkrir steinar í röð við 514
514	C	D	Sandur og púkk sunnan við 509
515	C	D	Móöskudömp inni í herbergi í norðvestur horni
516	C	D	Steinapúkk í suðaustur hluta hússins
517	C	D	Grjóthleðsla í miðju norðanverðu húsi
518	C	D	Torfblanda + grjóthleðsla í gólfi við suðausturhorn hússins
519	C	D	Torfblandaður sandur, innan við vestur vegg
520	C	D	Mögulegt ljósastaurastæði
521	C	D	Svartur sandur í suðaustur hluta hússins
522	C	D	Hrun í norðaustur horni húss 7
523	C	D	Sandur með smá grjóti
524	C	D	Skurður við innri brún suður gafls
525	C	D	Fylling (sandur + grjót) við suðurgafl
526	C	D	Grjóthlaðinn veggur í gólfi við suðaustur horn
527	C	D	Sandfylling í cut-i íaustur horni
528	C	D	Grjóthlaðinn veggur á húsi 7 - vesturveggur
529	C	D	Austurveggur á húsi 7
530	C	D	Suðurveggur á húsi 7
531	C	D	Norðurveggur á húsi 7
532	C	C	Könnunarskurður
533	C	Gr.	Úveggir hússins [529-531]

Viðauki II: Fundaskrá

Fundanúmer	Ein-ing	Efnisflokkur	Efni	Lýsing	Fjöldi
2021-58-300	1	Annað	Korkur	Korkur, brot af flotholti.	1
2021-58-02	1	Annað	Gerviefni	Bútur af gerviefni, með leðuráferð.	1
2021-58-302	1	Annað	Textíll	Bútur af ljósri skóreim.	1
2021-58-303	500	Annað	Textíll	Ljós textílbútur, um 12 cm langur, með svartri rönd og gylltum málmþráðum meðfram brúnum á báðum endum.	1
2021-58-301	507	Annað	Tjara?	Svartur klumpur, líklega tjara.	1
2021-58-321	507	Annað	Grafít	Blý/grafít, 0,2 mm í þvermál.	1
2021-58-11	1	Annað	Korkur	Bútur af korki	1
2021-58-04	1	Annað	óþekkt	Kítti - 8 cm ræma	1
2021-58-10	1	Annað	óþekkt	Óþekkt efni, lítill sívalningur. Mögulega byggingarefni.	1
2021-58-17	1	Annað	óþekkt	Ílangt pappaspjald. Með 2 götum á sitthvorum enda	1
2021-58-305	1	Annað	Pappi	Brot af dökkum pappa.	1
2021-58-306	1	Annað	Pappi	Brot af ljósum pappa.	1
2021-58-307	500	Annað	Pappi	Fjögur brot af dökkum pappa. Á einu broti er ljóst flekkótt munstur. Veggfóður?	4
2021-58-304	1	Annað	Pappi + málmur	Sjö brot af pappa/klæðningu. Eitt þeirra brotið saman utan um skrúfbolta.	8
2021-58-05	1	Annað	Plast	Sunkist sítrónusafabrúsi og hvítt brotið plaststykki.	2
2021-58-313	1	Annað	Plast	Brot af grænu plasti.	1
2021-58-314	1	Annað	Plast	Brot af hvítu plasti.	1
2021-58-315	1	Annað	Plast	Tvö hvít plastbrot. Annað mjög þungt með tungum meðfram brún.	2
2021-58-317	500	Annað	Plast	Brot af bleiku plasti, loftbólur sjást í brotsári.	1
2021-58-319	510	Annað	Plast	Ýmsir gripir. A) Tvö brot af grænu plast. B) Brot af hvítum plasti, sívalningslaga. „DENMAR[K]“ á botni.	3
2021-58-320	525	Annað	Plast	Grænn plasttappi.	1
2021-58-318	500	Annað	Plast + korkur?	Ýmsir gripir. A) Svart gúmmírör. B) Þunnt brot af ljósbláu plasti. C) Brot, mögulega korkur.	3
2021-58-316	1	Annað	Plast + pappi	Ýmsir gripir. A) Brot af ljósblágrænu plasti, áletrun „M“. B) Brot af þakpappa.	2
2021-58-312	1	Annað	Plast + textíll	Ýmsir gripir. A) Gúmmíhanski, textílfóðraður. B) Tvö brot af frauðplasti. C) Bútur af appelsínugulu netagarni. D) Bútur af glæru plasti.	5
2021-58-311	1	Annað	Plast + textíll + korkur	Ýmsir gripir. A) Fjórir bútar af frauðplasti. B) Brot af grárri plastgreiðu. C) Tvö lítil hvít plastsnifsi, annað með hringlaga grófum. D) Bútur af glæru plasti. E) Brot af hvítri plast-„blúndu“, með blómamunstri. F) Þrír bútar af plastgirni, einn appelsínugult netagarn, tveir gráir. G) Rafmagnsvír, með hvítri plasteinangrun. H) Þrír bútar af gráum vélprjónuðum textíl. I) Brot af flotholti úr korki.	17
2021-58-185	1	Annað		Brot af grárri flís, með hringlaga grófum á bakhlið. Svipaðar flís eru skráðar á 2021-58-06 og -185 til -188.	1
2021-58-339	509	Bein	Bein	Dýrabein. Með sex samsíða skurðarförum.	1

2021-58-355	525	Bein	Bein	Dýrabein. Mergsoginn leggur.	1
2021-58-322	1	Bein	Bein	Unnin hvalbein, 33 bútar.	33
2021-58-15	1	Bein	Bein	Dýrabein	16
2021-58-297	508	Bein	Bein	Tala með fimm götum.	1
2021-58-323	532	Bein	Bein	Dýrabein	30
2021-58-324	1	Bein	Bein	Hvalbein	1
2021-58-325	1	Bein	Bein	Dýrabein	1
2021-58-326	1	Bein	Bein	Dýrabein	1
2021-58-327	1	Bein	Bein	Dýrabein	2
2021-58-328	500	Bein	Bein	Dýrabein	85
2021-58-329	500	Bein	Bein	Dýrabein	44
2021-58-330	500	Bein	Bein	Dýrabein	28
2021-58-331	500	Bein	Bein	Dýrabein	3
2021-58-332	502	Bein	Bein	Dýrabein	6
2021-58-333	502	Bein	Bein	Dýrabein	4
2021-58-334	502	Bein	Bein	Dýrabein	9
2021-58-335	503	Bein	Bein	Dýrabein	3
2021-58-336	504	Bein	Bein	Dýrabein	14
2021-58-337	504	Bein	Bein	Dýrabein	1
2021-58-338	504	Bein	Bein	Dýrabein	1
2021-58-340	505	Bein	Bein	Dýrabein	2
2021-58-341	509	Bein	Bein	Dýrabein	25
2021-58-342	509	Bein	Bein	Dýrabein	61
2021-58-343	507	Bein	Bein	Dýrabein	2
2021-58-344	507	Bein	Bein	Dýrabein	7
2021-58-345	507	Bein	Bein	Dýrabein	1
2021-58-346	510	Bein	Bein	Dýrabein	1
2021-58-347	512	Bein	Bein	Dýrabein	3
2021-58-348	514	Bein	Bein	Dýrabein	3
2021-58-349	516	Bein	Bein	Dýrabein	3
2021-58-350	518	Bein	Bein	Dýrabein	82
2021-58-351	521	Bein	Bein	Dýrabein	49
2021-58-352	525	Bein	Bein	Dýrabein	19
2021-58-353	525	Bein	Bein	Dýrabein	36
2021-58-354	529	Bein	Bein	Dýrabein	3
2021-58-193	500	Byggingarefni	Steypa	Byggingarefni, líklega steypa.	1
2021-58-194	505	Byggingarefni	Steypa	Fimm steypubútar.	5
2021-58-195	507	Byggingarefni	Steypa	Sjö steypubútar.	7
2021-58-49	1	Byggingarefni	Leir+ koparblanda	13 postulínsbrot, líklega öll tengd rafmagns- eða símalínum. Níu brot af sívalningslaga einangrun, upphaflegt þvermál um 2,5 cm. Eitt brot með koparnagla, hugsanlega af rofa, á stendur „2 AMP. 125 V.“ Eitt lítið brot sem á stendur „250“. Tvö ógreinanleg brot.	13
2021-58-06	1	Byggingarefni	Leir	Brot af silfurmáláðri flís, með hringlaga grófum á bakhlið. Svipuð og 2021-58-185 til -188	1
2021-58-309		Byggingarefni		Þakpappi, tvö brot.	2

2021-58-268	509	Byggingarefni	Kalk	Tveir kalkmolar.	2
2021-58-192	532	Byggingarefni	Kalk?	Tvö lítil brot, líklega kalk.	2
2021-58-24	1	Byggingarefni	Steypa	Steypubútur.	1
2021-58-265	1	Byggingarefni	Steypa	Tveir steypubútar.	2
2021-58-266	500	Byggingarefni	Steypa	Steypubútur.	1
2021-58-267	500	Byggingarefni	Steypa	Steypubútur.	1
2021-58-308		Byggingarefni		Brot af ljósum pappa.	1
2021-58-310		Byggingarefni		Brot af óþekktu efni, svart. Mögulega byggingarefni.	1
2021-58-104	532	Gler	Gler	Tvö glerbrot, annað mosagrænt, hitt fagurgrænt. Stærð 4,5 x 2,3 x 0,2 cm og 3,5 x 3,1 x 0,2 cm. Loftbólur í gleri.	2
2021-58-105	1	Gler	Gler	Níu glerbrot, flest flöskugler. Þrjú fagurgræn, eitt mosagrænt, tvö ljósgræn, þrjú glær. Meðal brota: Fagurgrænt brot af botni, með saumi, þvermál stærra en 6,5 cm. Ljósgræn brot af rákóttri flösku, annað hluti af stút, þvermál um 3 cm. Þunnt linsulaga glært brot, 2,3 x 1,7 x 0,1 cm. Ílangt u.þ.b. sívalningslaga brot, með holu í miðju og ígreypt geómetrískt skraut, 3,2 x 0,9 x 0,8 cm. Loftbólur í einu broti.	9
2021-58-106	1	Gler	Gler	Sjö glerbrot, flest flöskugler. Þrjú brún, fjögur græn, í mismunandi tónum. Saumur sjáanlegur á einu grænu og einu brúnu broti. Stærð frá 2,1 x 0,9 cm til 6,0 x 2,3 cm. Örfáar fínlegar loftbólur í brotum.	7
2021-58-107	1	Gler	Gler	Átta glerbrot, fimm glær, eitt brún, tvö græn. Meðal brota: Hluti af glæru ferhyrndu íláti, með áletrun "... HIRE RE...", "...HICK". Hluti af lítilli glærri flösku, með saum, þvermál 3,3 cm.	8
2021-58-108	1	Gler	Gler	17 glerbrot, flest flöskugler. Sjö glær, sex glær/ljósblá, sex græn, eitt mosagrænt, eitt brún. Eitt ljósblátt brot hluti af botni, með áletrun "A...". Stærð brota frá 1,3 x 0,7 cm til 5,8 x 5,0 cm.	17
2021-58-109	1	Gler	Gler	15 glerbrot, flest flöskugler. Fimm glær brot, 9 græn, 1 mosagrænt. Þar af botnar af þremur flöskum, þvermál 6,0-7,5 cm. Merki á botni glærs brots. Einn flöskuháls með hvítum plasttappa, þvermál stúts 2,7 cm.	15
2021-58-110	1	Gler	Gler	23 glerbrot, ílát. Sex brún, níu glær, fjögur mosagræn, eitt grænt, tvö ljósblá, eitt dökkblátt. Meðal brota: Tvö brún brot af flösku með hrjúfri áferð, þar af annað botn (með merkjum), þvermál 6,0 cm. Glært brot með rillum. Ljósblátt brot með upphleypum línum og doppum. Dökkblátt brot með upphleyptum doppum, samskonar og í 2021-58-129. Loftbólur í nokkrum brotum.	23
2021-58-111	500	Gler	Gler	Fimm, glerbrot, öll í mismunandi litum, glær, græn, brún. Stærð frá 1,6 x 1,1 cm til 3,3 x 2,5 cm. Tvö brot með veðrað yfirborð, stórar loftbólur í einu broti.	5

2021-58-112	500	Gler	Gler	26 glerbrot, flest flöskubrot. Sex glær, tvö glær/ljósblá, fjögur græn, átta mosagræn, sex brún. Þar af þrjú brot af botni, eitt glært með áletrun „CONTENTS 8 FL“. Loftbólur í mörgum brotum, nokkur með lithverft veðrað yfirborð. Stærð frá 1,9 x 1,2 cm til 6,9 x 4,6 cm.	26
2021-58-113	501	Gler	Gler	Tvö brún glerbrot, annað hluti af stút. Loftbólur í gleri. Stærra brot 4,0 x 1,9 cm.	2
2021-58-114	502	Gler	Gler	Þrjú mosagræn glerbrot. Loftbólur í gleri. Stærð frá 2,5 x 2,3 cm til 3,4 x 2,5 cm.	3
2021-58-115	502	Gler	Gler	Glært glerbrot. Lithverft veðrað yfirborð	1
2021-58-116	502	Gler	Gler	Fjögur glerbrot, glært, grænt, brúnt og blátt. Stærð frá 1,7 x 0,9 cm til 2,2 x 1,5 cm. Loftbólur í gleri.	4
2021-58-117	505	Gler	Gler	Þrjú glerbrot. Eitt mosgrænt, hluti af stút, og tvö glær, annað með röndum. Stærð frá 1,9 x 1,2 til 4,3 x 4,1 cm.	3
2021-58-118	505	Gler	Gler	Fjögur glerbrot, tvö glær, eitt grænt, eitt brúnt. Loftbólur í grænu broti. Stærð frá 1,9 x 1,0 cm til 3,8 x 3,6 cm.	4
